



VELFERÐARRÁÐUNEYTIÐ



Velferðarvaktin

Stöðuskýrsla 2014-2016

Desember 2016

Velferðarvaktin – Stöðuskýrsla 2014–2016
Desember 2016

Útgefandi: Velferðarráðuneytið
Hafnarhúsinu við Tryggvagötu
101 Reykjavík
Sími: 545 8100
Bréfasími: 551 9165
Netfang: postur@vel.is
Veffang: velferðarraduneyti.is

Umbrot og textavinnsla: Velferðarráðuneytið

© 2016 Velferðarráðuneytið

ISBN 978-9935-477-28-6

Efnisyfirlit

Efnisyfirlit	4
Inngangur	5
1 Störf Velferðarvaktarinnar 2014–2016	6
1.1 Greiningarskýrsla Hagstofunnar um sára fátækt	6
1.2 Bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðherra um fyrirkomulag kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa og skólamáltíða grunnskólabarna	7
1.3 Hvatningarbréf til sveitarstjórna, skólanefnda, skólaskrifstofa og skólastjóra, um að leggja kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda henni í lágmarki	10
1.4 Verkefnið TINNA	11
1.5 Bréf til ráðherra um greiningu á sárri fátækt og greiningu á efnislegum skorti meðal barna	13
1.6 Skýrsla Velferðarvaktar – Tillögur um aðgerðir til að vinna bug á fátækt	15
1.7 Heimsókn mannréttindasérfræðings Sameinuðu þjóðanna	17
1.8 Upplýsingaöflun um tengsl búsetuskerðingar og fjárhagsaðstoðar	18
1.9 Fundir í samstarfi við PEP-Íslandi	19
1.10 Stuðningur við stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuevörnum	20
2 Tengd verkefni	21
2.1 Mat á störfum Velferðarvaktarinnar	21
3 Gestir og kynningar á fundum Velferðarvaktarinnar 2014–2016	22
4 Kynningar á Velferðarvaktinni	24
Lokaorð	25

Inngangur

Velferðarvaktin var sett á laggirnar í febrúar 2009 í kjölfar efnahagshrunsins 2008. Upphaflega var henni ætlað að fylgjast með félagslegum jafnt sem fjárhagslegum afleiðingum efnahagshrunsins á fjölskyldur og heimili í landinu, meta aðgerðir sem gripið hafði verið til og leggja fram tillögur til úrbóta. Í þeirri mynd starfaði Velferðarvaktin fram til vorsins 2014, en hún skilaði af sér lokaskýrslu í desember 2013.¹ Í lokaskýrslunni voru settar fram tíu tillögur um framhald Velferðarvaktarinnar þar sem lagt var til að hún starfaði áfram en yrði endurskipuð. Við endurskoðun Eyglóar Harðardóttur, félags- og húsnæðismálaráðherra, á störfum Velferðarvaktarinnar var tekið mið af tillögum hennar.

Velferðarvaktin sem tók við af þeirri eldri hélt sinn fyrsta fund á miðju ári 2014. Í skipunarbréfi vaktarinnar segir að hún skuli huga „...að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megj úr henni“. Á árunum 2014–2016 hafa fulltrúar í Velferðarvaktinni verið um 35 talsins.

Á miðju ári 2014 tók Velferðarvaktin ákvörðun um nýja starfshætti. Ákveðið var að hafa tvo undirhópa starfandi innan hennar. Annar hópurinn er hópur um sára fátækt (e. extreme poverty), leiddur af Vilborgu Oddsdóttur, sem situr í Velferðarvaktinni fyrir hönd Hjálparstofnunar kirkjunnar. Hinn hópurinn fjallar um barnafjölskyldur, leiddur af Salbjörgu Bjarnadóttur, sem situr í Velferðarvaktinni fyrir hönd Embættis landlæknis. Fulltrúar í Velferðarvaktinni starfa með þeim hópi sem þeir hafa frekari þekkingu á. Undirhóparnir hittast reglulega og fjalla nánar um það sem snýr að þeirra viðfangsefni, þ.e. sárrí fátækt og barnafjölskyldum. Undirhóparnir geta bæði tekið upp mál á fundi Velferðarvaktarinnar eða tekið mál til nánari skoðunar sem upp hafa komið á fundi vaktarinnar. Á tímabilinu hefur Velferðarvaktin fundað 15 sinnum en undirhóparnir oft. Fundargerðir eru birtar á vef velferðarráðuneytisins.²

Eitt mikilvægasta verkefnið sem Velferðarvaktin ýtti úr vör árið 2009 var að koma á gerð félagsvísa, en á sínum tíma samþykkti ríkisstjórnin tillögu hennar um að fengnir yrðu sérfræðingar til að vinna að gerð þeirra. „Megintilgangur félagsvísa er að birta á einum stað safn tölulegra upplýsinga til að auðvelda stjórnvöldum og almenningi að fylgjast með þróun og breytingum í samfélaginu. Með vísunum er lögð áhersla á að birta tölur um tiltekna hópa þegar það á við og þegar því er við komið. Má þar nefna áhrif opinberra aðgerða og þjóðfélagsbreytinga á kyn, aldur, ólíka þjóðfélagshópa og þá sem standa höllum fæti.“ (Velferðarráðuneytið, 2013). Á tímabilinu sem er til umfjöllunar í skýrslu þessari voru félagsvísar gefnir út að venju af Hagstofunni.

Félagsvísarnir eru nú eitt mikilvægasta leiðarljós Velferðarvaktarinnar við vöktun á þeim hópum sem hvað höllustum fæti standa. Þeir sýna að í stórum dráttum hefur þróunin verið í rétta átt á tímabilinu sem stöðuskýrsla þessi nær til. Sömu þróun má sjá í greiningarskýrslunni sem Hagstofan vann fyrir Velferðarvaktina um stöðu þeirra sem búa við sára fátækt og kom út í september 2016 og gerð eru skil síðar í stöðuskýrslu þessari. Þar segir að þeim sem búa við sára fátækt hafi fjölgað í kjölfar hrunsins. Árið 2008 var hlutfallið 0,9%, en árið 2012 er fjöldinn mestur samkvæmt þessari skilgreiningu, eða 3%. Eftir 2012 lækkaði hlutfall fátækra aftur og árið 2015 bjuggu 1,3% við sára fátækt. Þrátt fyrir að útlitið virðist betra er ennþá brýnt að halda áfram að vakta þennan viðkvæma hóp. Fjórða útgáfa félagsvísa³ kom út í byrjun ársins 2016 en von er á uppfærðum félagsvísam í desember næstkomandi (2016).

¹ <https://www.velferðarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Lokaskyrsla-Velferðarvaktarinnar-desember-2013.pdf>

² <https://www.velferðarraduneyti.is/velferðarvaktin/>

³ <https://www.velferðarraduneyti.is/media/skyrslur2016/Felagsvisar-2015.pdf>

1 Störf Velferðarvaktarinnar 2014–2016

1.1 Greiningarskýrsla Hagstofunnar um sára fátækt

Í desember 2015 gerði Velferðarvaktin samning við Hagstofuna um að hún ynni greiningar- og þróunarvinnu á gögnum Lífskjararannsóknar Hagstofu Íslands (LKR) árin 2004–2014 sem snúa að því sem skilgreint hefur verið sem sár fátækt (e. extreme poverty). Tilgangur verkefnisins var að meta að hvaða marki hægt væri að nota gögn úr Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands til að bera kennsl á þá hópa sem búa við sára fátækt í íslensku samfélagi. Sökum þess hve lítill hópur býr við sára fátækt er erfitt að meta einkenni hans með hefðbundnum aðferðum þar sem ályktanir geta orðið ónákvæmar og jafnvel ónothæfar. Þess vegna er mikilvægt að nota aðrar aðferðir og þróaðri til að tryggja nothæfar ályktanir á grunni gagnanna þannig að niðurstöður greininga gefi sem réttasta mynd af aðstæðum í þjóðfélaginu. Byggt var á skilgreiningu sem evrópska hagstofan *Eurostat* þróaði til að bregðast við vissum annmörkum tekjumælinga á fátækt sem nánar er fjallað um í skýrslunni. Velferðarvaktin lagði til grundvallar verkefninu skilgreiningu á sárri fátækt sem samsvarar þeim hópi sem Hagstofan mælir að búi við verulegan skort á efnislegum gæðum. Þeir sem búa við sára fátækt samkvæmt þeirri skilgreiningu sem hér er lögð til grundvallar eru þeir sem búa á heimili þar sem fernt af eftirfarandi á við:

- Hefur lent í vanskilum með húsnæðislán eða önnur lán vegna fjárskorts á síðastliðnum tólf mánuðum.
- Hefur ekki efni á að fara árlega í vikulangt frí með fjölskyldunni.
- Hefur ekki efni á kjöti, fiski eða sambærilegri grænmetismáltíð að minnsta kosti annan hvern dag.
- Getur ekki mætt óvæntum útgjöldum.
- Hefur hvorki efni á heimasíma né farsíma.
- Hefur ekki efni á sjónvarpstæki.
- Hefur ekki efni á þvottavél.
- Hefur ekki efni á bíl.
- Hefur ekki efni á að halda húsnæðinu nægjanlega heitu.

Í september 2016 skilaði Hagstofan skýrslunni⁴ og var hún þá kynnt í ríkisstjórn. Í skýrslunni kemur fram að þeim fjölgaði í kjölfar hrunsins sem bjuggu við sára fátækt. Árið 2008 var hlutfallið 0,9%, eða á bilinu 0,4–1,4%. Árið 2012 mældist fátæktin mest, 3%, eða á bilinu 2,1–3,8%. Eftir 2012 lækkaði þetta hlutfall aftur og árið 2015 taldi hópurinn sem býr við sára fátækt 1,3%, eða á bilinu 0,7–1,8%. Greining gagnanna bendir til þess að staða fólks á húsnæðismarkaði og heilsufar séu lykilkættir sem spá fyrir um hvort fólk búi við það sem skilgreint er sár fátækt. Að auki benda niðurstöður til þess að einhleypt barnlaust fólk og einstæðir foreldrar og börn þeirra séu í meiri hættu en aðrir á að lenda í þeim hópi sem býr við sára fátækt. Hafa verður í huga að tölfræðileg sambönd segja ekki til um orsakasamband. Niðurstöður benda þó til að horfa verði til samspils húsnæðisstöðu, heilsufars og heimilisgerðar við stefnumótun sem lýtur að þeim vanda sem sár fátækt er. Skýrslan mun nýtast við starf Velferðarvaktarinnar og stefnumótun stjórnvalda.

⁴ <https://www.velferðarraduneyti.is/media/skyrslur2016/Skyrsla-um-sarafataekt-13.9.2016.pdf>

1.2 Bréf til Sambands íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðherra um fyrirkomulag kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa og skólamáltíða grunnskólabarna

Í september 2015 sendi Velferðarvaktin Sambandi íslenskra sveitarfélaga og mennta- og menningarmálaráðherra bréf vegna fyrirkomulags fjárútláta foreldra við kaup á ritföngum og skólamáltíðum grunnskólabarna. Velferðarvaktin hefur í gegnum tíðina komið á framfæri áskorunum til sveitarstjórna og skólanefnda sveitarfélaga um að tryggja að börn fái hádegismat í grunnskólum ásamt því að leggja áherslu á að halda kostnaði heimilanna vegna skólagöngu barna í lágmarki. Samtökin Barnaheill – Save the Children á Íslandi, sem eiga fulltrúa í Velferðarvaktinni, sendu haustið 2015 áskorun á stjórnvöld um að virða réttindi barna til gjaldfrjálsrar grunnmenntunar líkt og kveðið er á í Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna sem var lögfestur hér á landi árið 2013. Heimili og skóli, sem einnig eiga fulltrúa í Velferðarvaktinni, og fleiri aðilar tóku undir áskorun Barnaheilla í kjölfarið.⁵

Reykjavík 31. ágúst 2015

Ágæta stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Í tilefni þess að stjórnin mun, samkvæmt opinberri umfjöllun, á fundi sínum þann 11. september nk. taka til umræðu fyrirkomulag fjárútláta foreldra vegna kaupa á námsgögnum barna í grunnskóla og fyrirkomulag skólamáltíða vill Velferðarvaktin vekja athygli á eftirfarandi:

Velferðarvaktinni er m.a. falið skv. skipunarbréfi að „...huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megji úr henni.“

Velferðarvaktin hefur í gegnum tíðina komið á framfæri áskorunum til sveitarstjórna og skólanefnda sveitarfélaga um að tryggja að börn fái hádegismat í grunnskólum ásamt því að leggja áherslu á að halda kostnaði heimilanna vegna skólasóknar barna í lágmarki.

Einnig fjallaði Velferðarvaktin í tillögum sínum frá 28. janúar sl. um grunnþjónustu en þar segir (bls. 19-20) <http://www.velferdarraduneyti.is/frettir-vel/nr/35034>:

4. Grunnþjónusta

Markmið: *Stjórnvöld tryggi að efnalítlar fjölskyldur og einstaklingar sem búa við fátækt geti nýtt sér þá grunnþjónustu sem boðið er upp á í samfélaginu á hverjum tíma.*

Tillaga: *Velferðarvaktin telur að standa þurfi vörð um velferðarþjónustu og menntakerfið með því að hafa lögbundna þjónustu gjaldfrjálsa, þá sérstaklega fyrir börn svo barnafjölskyldur standi ekki frammi fyrir óvæntum og óyfirstíganlegum útgjöldum vegna grunnþjónustu við börn. Gæði grunnþjónustu verði tryggð og ekki dregið úr þjónustu sem skapast hefur hefð fyrir að veita. Jafnframt skal sértæk*

⁵ Samtökin Barnaheill standa einnig fyrir undirskriftasöfnum þar sem einstaklingar geta skrifað undir og tekið þar með undir áskorun Barnaheilla. <http://www.barnaheill.is/Starfsemi/Innlentstarf/UndirskriftasofnunBarnaheilla>

þjónusta vera aðgengileg fyrir hópa með sérþarfir, t.d. vegna fötlunar eða heilsubrestra.

Næstu skref: Stofnaður verði starfshópur sem vinnur að skilgreiningu á grunnþjónustu og útfærir ofangreinda tillögu nánar með hliðsjón af greinargerð Velferðarvaktarinnar um grunnþjónustu frá október 2009.

Greinargerð:

Velferðarvaktin telur að tryggja verði örugga grunnþjónustu fyrir barnafjölskyldur og fólk sem býr við fátækt svo það lendi ekki í óvæntum og óyffirstíganlegum útgjöldum vegna nauðsynlegrar þjónustu. Ljóst er að öflug og gjaldfrjáls grunnþjónusta dregur úr þörf fyrir háar félagslegar bætur og stuðlar að jöfnuði í samfélaginu. Reynt hefur verið að festa fingur á það hvað flokka megi sem grunnþjónustu. Velferðarvaktin telur alla lögbundna þjónustu falla undir grunnþjónustu auk þeirrar þjónustu sem skapast hefur hefð fyrir að veita. Innan þessa ramma má skilgreina endurhæfingu, annars stigs heilbrigðisþjónustu, skólamáltíðir og fleira.

Í framhaldi af stöðugleikasáttmálanum frá 25. júní 2009 var Velferðarvaktinni falið, í samstarfi við Samband íslenskra sveitarfélaga og aðila vinnumarkaðarins, að leita leiða til að standa vörð um grunnþjónustu sveitarfélaga (Forsætisráðuneytið, 2009). Stýrihópur Velferðarvaktarinnar myndaði sérstakan starfshóp um grunnþjónustuna.

Mikilvægt var talið að tryggja gæði þjónustunnar og jafnræði. Sveitarfélög og stofnanir ríkisins voru hvött til að setja saman lista yfir þá þjónustu sem ekki megi skerða og hafa leiðarljós grunnþjónustuhóps Velferðarvaktarinnar sem viðmið við hvert skref.

Hópurinn lagði strax áherslu á að stjórnvöld hagræddu á sem flestum sviðum innan stjórnsýslunnar en samhliða yrði að standa vörð um velferðarkerfið. Hópurinn taldi upp þau atriði sem sérstaklega þyrfti að skoða þegar dregið væri úr tiltekinni þjónustu vegna efnahagsástandsins:

1. Standa yrði vörð um grunnþjónustuna og ekki draga úr henni gagnvart viðkvæmstu hópunum.
2. Fullnægjandi upplýsingar yrðu að vera fyrir hendi um áhrif og afleiðingar ákvörðunar á notendur. Í því felst að ákvörðunina er best að taka í anda opinis lýðræðis í fullu samráði við þá sem hún snertir, þar með talda notendur og þeirra samtök ef við á og eftir atvikum aðstandendur og sérfræðinga á viðkomandi sviði. Enn fremur ber að leita samráðs við aðila vinnumarkaðarins þegar ákvörðunin snertir þá.
3. Flötum niðurskurði sem leggst af fullum þunga á notendur yrði ekki beitt heldur tekin ákvörðun um hagræðingu á afmörkuðu sviði og samhliða hugað að mótvægisáðgerðum sem milda afleiðingar niðurskurðarins.
4. Gæta yrði jafnræðis, samræmis og meðalhófs í hvívetna og að tilteknir hópar notenda finni ekki meira en aðrir fyrir hagræðingaáðgerðum.
5. Hagræðing og sparnaður á einum stað megi ekki leiða til aukinna útgjalda og álags á öðrum sviðum hins opinbera. Sérstaklega þurfi að gæta að því að útgjaldaliðir séu ekki færðir milli ríkis og sveitarfélaga án þess að gerðar séu um leið breytingar á tekjustofnum.
6. Þegar ákvörðun um hagræðingu væri birt skyldi tekið fram hvort um væri að ræða tímabundna ráðstöfun og þá til hve langs tíma eða varanlega ákvörðun. Allar

neyðaraðgerðir sem gripið væri til á erfiðum tímum þyrftu að vera þess eðlis að unnt væri að leiðrétta þær aftur þegar betur áraði, án þess að skaði hefði hlotist af.

7. Við hagræðingu í skólastarfi verði lögð áhersla á að fá nærsamfélagið til samstarfs, ekki síst foreldra og þriðja geirann.

(Félags- og tryggingamálaráðuneytið, 2009)

Greinargerð Velferðarvaktarinnar kom út í desember 2009 með ofangreindum leiðbeiningum um viðmið sem stjórnvöld ættu að hafa í huga við niðurskurð og hagræðingu sem hefðu áhrif á grunnþjónustu. Á þeim tíma var áhersla lögð á viðbrögð við niðurskurði og hagræðingu en nú, fimm árum síðar, telur Velferðarvaktin að huga þurfi að uppbyggingu og styrkingu grunnþjónustunnar í kjölfar niðurskurðarins sem varð. Til þess að svo megi verða þarf að gera frekari greiningu á grunnþjónustu og hvaða þjónustubætti stjórnvöld ættu að skilgreina innan hennar. Velferðarvaktin telur meðal annars heilsugæslu, tannlækningar, fjölskylduráðgjöf, endurhæfingu, félagsþjónustu, túlkþjónustu fyrir innflytjendur, táknmáltúlkun leikskóla, grunnskóla, skólamáltíðir, lengda viðveru í skólum og framhaldsskólanám falla undir grunnþjónustu. Auk þess þarf að skoða hvernig bæta megi þjónustu í nærumhverfinu, m.a. með samhæfingu og samþættingu við veitingu þjónustu."

Velferðarvaktin telur að nú sé tækifæri til að hrinda ofangreindri tillögu í framkvæmd.

Jafnvel mætti þrepaskipta henni þannig að settur yrði saman starfshópur ríkis og sveitarfélaga ásamt hagsmunaaðilum sem ynni greiningarskjal út frá þeim gjalddtökuheimildum grunnskólalaga sem sveitarfélög vísa til s.s. gagnvart skólamáltíðum, ritföngum til eigin nota og frístundaheimilum og tómstundum. Farið yrði yfir núverandi kostnað og lagðar fram tillögur.

Með von um að ofangreint nýtist stjórninni.

Sambandið brást skjótt og vel við erindi Velferðarvaktarinnar og framkvæmdi í framhaldinu óformlega úttekt á stöðu þessara mála í nokkrum grunnskólum landsins. Fulltrúar sambandsins kynntu niðurstöður úttektarinnar á fundi Velferðarvaktarinnar í maí 2016 en þær leiddu í ljós að talsverður munur getur verið á milli skóla varðandi greiðsluþátttöku foreldra vegna skólamáltíða, frístunda og ferða á vegum skólans. Skýrasti munurinn birtist aftur á móti í greiðsluþátttöku foreldra í ritfangakaupum en fram kom að kostnaður við ritfangakaup væri frá 400 krónum upp í 22.000 krónur. Í kjölfarið sendi sambandið ábendingu til skólanefnda og skólaskrifstofa þar sem beint er þeim tilmælum til viðkomandi að þær kanni framkvæmd þessara mála í sínu sveitarfélagi.

Velferðarvaktin taldi mjög mikilvægt í ljósi framkominna upplýsinga að senda hvatningarbréf til sveitarstjórna, skólanefnda, skólaskrifstofa og skólastjóra, um að leggja kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda henni í lágmarki.

1.3 Hvatningarbréf til sveitarstjórna, skólanefnda, skólaskrifstofa og skólastjóra, um að leggja kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda henni í lágmarki

Í ágúst 2016 sendi Velferðarvaktin hvatningarbréf til sveitarfélaga og skólasamfélagsins, um að leggja kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda henni í lágmarki, í ljósi niðurstaðna ofangreindrar úttektar Sambands íslenskra sveitarfélaga um kostnað foreldra við kaup á ritföngum grunnskólabarna. Þar kom fram að skólar gera mjög mismunandi kröfur um hvaða gögn nemendum beri að koma með í skólann. Er þar um að ræða upphæðir allt frá 400 krónum til 22.300 króna. Kostnaður er því mjög mismunandi frá einu sveitarfélagi til annars og jafnvel milli skóla í sama sveitarfélagi.

Reykjavík, 9. ágúst 2016

Hvatning Velferðarvaktarinnar til sveitarstjórna, skólanefnda, skólaskrifstofa og skólastjóra, um að leggja kostnaðarþátttöku foreldra vegna ritfangakaupa barna af eða halda honum í lágmarki.

Velferðarvaktinni er m.a. falið samkvæmt skipunarbréfi að „...huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni“.

Velferðarvaktin hefur í gegnum tíðina komið opinberlega á framfæri ábendingum um að sveitarstjórnir leggi áherslu á að halda kostnaði heimila vegna skólasóknar barna í lágmarki í þeim tilgangi að koma til móts við þá sem standa höllum fæti í þjóðfélaginu. Þannig komi bágur efnahagur heimilisins síður niður á námi og lífi barna.

Í þessu sambandi hafa svokallaðir „innkaupalistar“, sem börn fá í grunnskólanum að hausti, verið sérstaklega til umræðu, en kostnaður vegna þeirra getur verið umtalsverður.

Síðastliðið haust sendi Velferðarvaktin stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga erindi í tilefni þess að stjórn sambandsins tók til umræðu „fyrirkomulag fjárútláta foreldra vegna kaupa á námsgögnum barna í grunnskóla og fyrirkomulag skólamáltíða“. Sambandið brást við með því halda vinnufundi með fulltrúum Velferðarvaktarinnar og gera úttekt á kostnaði foreldra m.a. vegna ritfanga. Í framhaldinu sendi sambandið út ábendingu til skólanefnda og skólaskrifstofa um kostnað vegna námsgagna (sjá fylgiskjal) þar sem þeim tilmælum er beint til þeirra að kanna framkvæmd þessara mála í sínu sveitarfélagi.

Í úttekt sambandsins sem kynnt var fyrir Velferðarvaktinni þann 17. maí sl., kemur fram að skólar gera mjög mismunandi kröfur um hvaða gögn nemendum ber að koma með í skólann. Er þar um að ræða upphæðir allt frá 400-22.300 krónum. Kostnaður er því mjög mismunandi milli sveitarfélaga og jafnvel milli skóla í sama sveitarfélagi.

Velferðarvaktinni er kunnugt um að ákveðin sveitarfélög, t.d. Ísafjarðarbær og Borgarfjörður eystri, útvegi nemendum ritföng þeim að kostnaðarlausu og að Sandgerðisbær tekur einnig upp slíkt fyrirkomulag á skólaárinu sem hefst nú bráðlega.

Bent skal á að samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna, sem lögfestur var hér á landi þann 20. febrúar 2013 og er nú hluti af íslenskrri löggjöf, eiga börn rétt á ókeypis grunntenntun. Þar segir m.a. í 28.gr. „Aðildarríki viðurkenna rétt barns til menntunar og skulu þau, til þess að réttur þessi nái fram að ganga stig af stigi og þannig að allir njóti sömu tækifæra, einkum: a) Koma á skyldu til grunntenntunar sem allir geti notið ókeypis.“ Einnig skal bent á að skv. 31 gr. grunnskólalaga skal skyldunám vera veitt að kostnaðarlausu og er óheimilt að krefja nemendur eða foreldra þeirra um greiðslu fyrir kennslu, þjónustu, námsgögn eða annað efni sem nemendum er gert skylt að nota í námi sínu. Þar er einnig lagatexti sem stuðst hefur verið við varðandi kostnaðarþátttöku foreldra „Þó er opinberum aðilum ekki skylt að leggja nemendum til gögn til persónulegra nota, svo sem ritföng og pappír.“

Velferðarvaktin telur að kostnaðarþátttaka foreldra, vegna ritfanga og annarra gagna vegna skólagöngu barna, upp á tugi þúsunda króna samrýmist hvorki anda Barnasáttmálans né grunnskólalaganna.

Af þeim sökum hvetur Velferðarvaktin öll sveitarfélög landsins til að leggja slíka kostnaðarþátttöku af eða haldi henni í algjöru lágmarki.

Viðbrögð frá skólakerfinu voru jákvæð og fjölmiðlar sýndu hvatningarbréfi Velferðarvaktarinnar mikinn áhuga. Vitað er til þess að nokkrir skólar hafa lagt þennan kostnað af eða eru með málið í skoðun. Vonast er til að breytinga verði enn frekar vart í upphafi næsta skólaárs þegar skólar hafa fengið meira svigrúm, bæði hvað varðar tíma og fjárhag, til þess að endurskoða fyrirkomulagið í þessum efnum.

1.4 Verkefnið TINNA

Í ágúst 2015 sendi Velferðarvaktin félags- og húsnæðismálaráðherra bréf þar sem lagt var til að ráðherra, í samvinnu við sveitarfélög, finni leiðir til að tilraunaverkefnið TINNA fari af stað, einstæðum foreldrum sem eru notendur fjárhagsaðstoðar og börnum þeirra til hagsbóta. TINNU-verkefnið og umgjörð þess byggist á niðurstöðum rannsóknarinnar *Jaðarstaða foreldra – velferð barna*⁶ og felst í því að veita einstæðum foreldrum og börnum þeirra fjölþætta þverfaglega þjónustu ólíkra aðila innan velferðar- og menntakerfis auk virkni og atvinnumiðlunar. Í rannsókninni kemur fram að börn efnaminni foreldra eru strax undir sex ára aldri í þeirri stöðu að hafa takmarkaðan aðgang að gæðum samfélagsins samanborið við börn efnameiri foreldra, þau taka síður þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi, eru síður á leikskóla sem gerir þeim erfiðara fyrir að mynda félagslegt tengslanet við jafnaldra sína.

Reykjavík 31. ágúst 2015

Ágæti félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttir.

Í skipunarbréfi Velferðarvaktarinnar er lögð áhersla á að hún skuli huga „...að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni“.

⁶ <https://www.velferðarraduneyti.is/media/velferðarvaktog/Ritrod-VIII-RBF-Jadarstada-foreldra.pdf>

Velferðarvaktin hefur skoðað hvernig efla megi úrræði einstæðra foreldra og barna þeirra og í því sambandi m.a. fjallað um rannsóknina Jaðarstaða foreldra - velferð barna (sjá fylgiskal 1). Í kjölfar þessa samþykkti Velferðarvaktin á fundi sínum þann 31. ágúst sl. að leggja til við ráðherra eftirfarandi:

Velferðarvaktin leggur til að ráðherra félags- og húsnæðismála í samvinnu við sveitarfélögin finni leiðir til að tilraunaverkefnið TINNA fari af stað, einstæðum foreldrum sem eru notendur fjárhagsaðstoðar og börnum þeirra til hagsbóta.

Greinargerð:

Eitt meginmarkið rannsóknarinnar, sem lýst er í Jaðarstaða foreldra - velferð barna var að bera saman efnahagslegar og félagslegar aðstæður reykvískra barnafjölskyldna eftir atvinnustöðu þeirra. Annað markmið var að kanna hvort atvinnustaða foreldra hefur áhrif á þátttöku barna þeirra í íþrótt- og tómstundaiðkun. Að lokum var markmiðið að kortleggja hindranir foreldra sem fá fjárhagsaðstoð til að nýta sér þjónustu er varðar börn þeirra.

Fram kemur samkvæmt niðurstöðum könnunarinnar eru börn efnaminni foreldra strax undir 6 ára aldri í þeirri stöðu að hafa takmarkaðan aðgang að gæðum samfélagsins samanborið við börn efnameiri foreldra. Þau taka síður þátt í skipulögðu íþrótt- og tómstundastarfi og eru síður á leikskóla og eiga þar af leiðandi síður aðgang að félagslegu tengslaneti almennt samanborið við börn efnameiri foreldra. Mismunurinn heldur áfram þegar börnin komast á grunnskólaaldurinn.

Velferðarvaktin telur mikilvægt að ríki og sveitarfélög efla svokölluð virkniúrræði þar á meðal gagnvart einstæðum foreldrum svo þeim og börnum þeirra reidi betur af.

Velferðarvaktin telur því mikilvægt að sett verði af stað tilraunaverkefni sem lýst er á eftirfarandi hátt í ályktunarkafli rannsóknarinnar, en það nefnist TINNA, næði til a.m.k. fimm ára og fæli í sér fjölbættan stuðning fyrir unga einstæða foreldra sem eru notendur fjárhagsaðstoðar.

„Verkefnið þarf að fela í sér menntunarmöguleika og/eða starfsþjálfun með það að markmiði að auka möguleika þessara ungu einstæðu mæðra til náms eða vinnu. Hugmynd að slíku úrræði felur í sér samþætta áætlun um menntun og/eða starfsþjálfun, fjárhagsstuðning, aðstoð vegna húsnæðismála, uppeldisráðgjöf og sérfræðiþjónustu. Jafnframt sé hugað að fjárhagsstuðningi og sérfræðiþjónustu vegna barna þeirra. Mikilvægt er að í upphafi fari fram greining á líðan og aðstæðum kvennanna, og hentar EMS matsskalinn vel til þess. Á grundvelli matsins verði síðan gerð einstaklingsáætlun til að mæta mismunandi þörfum hvers og eins. Allan stuðning og þjónustu þarf að samþætta og samræma og því leggjum við áherslu á að í hverju máli verði málstjóri sem sjái um samhæfingu og samskipti við alla hlutaðeigandi aðila til hagsbóta fyrir konurnar sjálfar og aðra sem koma að endurhæfingu hennar.“

og

„**TINNA** þarf að hafa málstjóra (verkefnisstjóra) sem sinnir eingöngu þeim konum sem taka þátt í úrræðinu, hefur yfirumsjón með öllum áætlunum og sinnir samskiptum við samstarfsaðila. Val á þátttakendum þarf að vanda vel og gæta þess að forsendur og áhugi sé til staðar til að nýta sér aðstoðina. Mikilvægur þáttur í stuðningi við foreldra er að fylgja eftir einstaklingsáætlun viðkomandi sem er gerð eftir ítarlegt mat á þörf hans fyrir stuðning. Einstaklingsáætlun þarf að fylgja þétt eftir og málstjóri er vakandi yfir því að henni sé fylgt vel eftir og að hún leiði þannig til aukinna lífsgæða fyrir konurnar. Einnig nær slík áætlun til fjármála heimilisins, ástundunar í námi eða starfsþjálfun, tómstundaiðkunar og ræktun félagslegra tengsla og ásamt fjölskylduvinnu. Þá þarf áætlunin að taka tillit til barna

kvennanna, meta þarf þörf fyrir stuðning er varðar barnaupveldi, skipulag á heimili, íþrótt og tómstundaiðkun, umönnun barna, og nám þeirra." Áætla má að árlega væri hægt að vísa 15-20 einstæðum foreldrum í tilraunaverkefnið.

Ýmis góð virkniúrræði eru fyrir hendi sem henta ýmsum hópum s.s. Kvennasmiðjan og Gæfusporin. Að mati Velferðarvaktarinnar er verkefnið TINNA mikilvæg viðbót, sérlega sniðið að einstæðum foreldrum og börnum þeirra. Velferðarvaktin telur að verkefnið eigi að ná til þeirra einstæðra foreldra (mæðra og fedra) og barna þeirra sem eru í mestri þörf fyrir aðstoð af þessu tagi. Velferðarvaktin leggur því til að ráðherra félags- og húsnæðismála í samvinnu við sveitarfélögin finni leiðir til að tilraunaverkefnið TINNA fari af stað einstæðum foreldrum, sem eru notendur fjárhagsaðstoðar, og börnum þeirra til hagsbóta.

Félags- og húsnæðismálaráðherra ákvað að veita 20 milljónum króna til verkefnisins og í janúar 2016 undirrituðu Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, og Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, samning um TINNU-verkefnið sem Reykjavíkurborg heldur utan um. Verkefnið er nú þegar farið af stað í Breiðholti og lofar góðu að sögn fulltrúa velferðarsviðs borgarinnar.

1.5 Bréf til ráðherra um greiningu á sárri fátækt og greiningu á efnislegum skorti meðal barna

Á fundi Velferðarvaktarinnar í janúar 2016 var rætt um skýrslu *Unicef* um efnislegan skort barna á Íslandi.⁷ Þar kemur fram að efnislegur skortur barna hafi aukist þegar borin eru saman árin 2009 og 2014 og kom m.a. fram að flest börn liðu skort á sviði húsnæðis. Í ljósi þessara niðurstaðna var ákveðið að Velferðarvaktin kæmi á framfæri í bréfi til félags- og húsnæðismálaráðherra tveimur atriðum varðandi gagnaöflun sem myndu nýtast starfi vaktarinnar. Annars vegar upplýsingum um vinnu við greiningu á þeim hópi sem býr við sára fátækt og hins vegar upplýsingum um greiningu á efnislegum skorti meðal barna hér á landi og tillögu þar að lútandi. Varðandi síðara atriðið taldi Velferðarvaktin könnun *Unicef* vera mjög gagnlega og vildi leggja til við ráðherra að stjórnvöld skoði á faglegan hátt kosti þess að nota skortgreiningu *Unicef* (Multiple Overlapping Deprivation Analysis) eða aðrar álíka aðferðir til að greina sérstaklega skort meðal barna.

Reykjavík 5. febrúar 2016

Ágæti félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttir.

Velferðarvaktin ákvað á fundi sínum þann 12. janúar 2016 að koma á framfæri við ráðherra tveimur atriðum varðandi gagnaöflun sem nýtist við vinnu hennar. Annarsvegar upplýsingum um vinnu við greiningu á þeim sem búa við sárafátækt og hinsvegar upplýsingum um greiningu á efnislegum skorti meðal barna hér á landi og tillögu þar að lútandi.

⁷ https://unicef.is/sites/unicef.is/files/atoms/files/unicef_rbai.skyrsla.2016_vef_2.pdf

Greining á þeim sem búa við sárafatækt

Í skipunarbréfi Velferðarvaktinnar segir að henni sé falið m. a. að „...huga að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fatækt svo draga megi úr henni.“ Félagsvísarnir, sem velferðarráðherra fól Hagstofunni að birta reglulega, hafa reynst mikilvægir við að fylgjast með þróun velferðar á Íslandi, m.a. gagnvart ofangreindum hópum. Í félagsvísunum er mælt hlutfall þeirra sem búa við skort á efnislegum gæðum á Íslandi. Sá skortur er mældur út frá stöðluðum evrópskum lista með tilgreindum níu þáttum (níu spurningum) og má nota til samanburðar við stöðuna í öðrum löndum Evrópu. Hópurinn sem mælist búa við verulegan skort á efnislegum gæðum er um 2% þjóðarinnar skv. tölum. Þennan hóp hefur Velferðarvaktin talið endurspeglja þá sem búa við sárafatækt á Íslandi. Þótt hlutfallið sé lágt í samanburði við önnur lönd Evrópu telur Velferðarvaktin rétt að freista þess að greina hópinn betur ef slíkt er unnt. Samningur þar að lútandi var gerður við Hagstofuna seinni hluta árs 2015 undir heitinu Samningur um greiningu á gögnum um sárafatækt á Íslandi. Markmiði, tilgangur og afrakstur samningsins kemur fram í upphafi hans en þar segir „Markmið: Hagstofa Íslands og Velferðarvaktin gera með sér samkomulag um að Hagstofa Íslands vinni greiningar- og þróunarvinnu á gögnum Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands (LKR) árin 2004-2014 sem snýr að sárri fatækt. Tilgangur: Tilgangur verkefnisins er að meta að hvaða marki hægt er að nota gögn úr Lífskjararannsókn Hagstofu Íslands (LKR) til að bera kennsl á þá hópa sem búa við sára fatækt í íslensku samfélagi. Sökum þess hve smár hópur býr við sárafatækt er erfitt að meta einkenni hans með hefðbundnum aðferðum þar sem ályktanirnar geta orðið ónákvæmar og jafnvel ónothæfar. Þess vegna er mikilvægt að nota aðrar aðferðir og þróaðri til að tryggja nothæfar ályktanir á grunni gagnanna þannig að niðurstöður greininga gefi sem réttasta mynd af aðstæðum í þjóðfélaginu. Afrakstur: Hagstofan mun greina gögn úr LKR frá tímabilinu 2004–2014 með mismunandi gagnagreiningaraðferðum til að meta hver þeirra skilar niðurstöðum af hæstu gæðum. Meðal þeirra aðferða sem verða notaðar eru stikamat byggt á aðfallsgreiningu (GREG), stikamat fyrir lítil svæði (small area estimation; EBLUP) og stigveldisskipt Bayes-mat (hierarchical bayes). Að auki verður kannað, með leitandi greiningaraðferðum, hvort skilgreina megi aðra hópa (en þá sem velferðarvaktin hefur þegar skilgreint) sem búa við sárafatækt.“

Von er á niðurstöðum greiningar á fyrstu mánuðum 2016.

Greining á efnislegum skorti meðal barna

Velferðarvaktinni er kunnugt um verkefni sem UNICEF á Íslandi hefur unnið að undanförmu. Verkefnið miðar að því að greina efnislegan skort meðal barna á Íslandi. Þar er notast við skortgreiningu UNICEF, nýja aðferð frá rannsóknarstofnun UNICEF til að greina efnislegan skort meðal barna. Í greiningunni er varpað ljósi á m.a. hversu hátt hlutfall barna býr við skort á nánar tilgreindum sviðum.

Greiningin verður kynnt 20. janúar 2016. Upplýsingar í félagsvísunum gefa ágæta sýn á stöðu barnafjölskyldna í heild. Greining UNICEF gefur að mati Velferðarvaktarinnar nákvæmari upplýsingar um stöðu barna sérstaklega og á nánar tilgreindum sviðum. Upplýsingar sem þessar geta því nýst Velferðarvaktinni í verkefni sínu.

Barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hefur auk þess ítrekað bent íslenskum yfirvöldum á skort á viðtækri og reglulegri gagnaöflun um stöðu barna hér á landi. Í ljósi þess að Ísland hefur lögfest Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna má gera ráð fyrir að við næstu fyrirtöku Íslands hjá nefndinni árið 2018 verði gerð enn ríkari krafa um að þessu sé fylgt eftir. Markviss greining á gögnum sem varpa ljósi á lífsgæði barna á Íslandi er forsenda þess að hægt sé að stuðla að jafnræði meðal barna, sem er ein af grundvallarforsendum Barnasáttmálans.

Velferðarvaktin leggur til að stjórnvöld skoði á faglegan hátt kosti þess að nota skortgreiningu UNICEF eða aðrar álíka aðferðir til að greina sérstaklega skort meðal barna. Skoða þyrfti bæði aðferðafræðina og hversu oft ætti að gera slíka greiningu til að unnt væri að meta þróun yfir tíma. Einnig þyrfti að skoða hvort vista ætti slíkt verkefni hjá Hagstofunni eða ekki.

Velferðarvaktin er tilbúin til að skýra betur ofangreind atriði ef þörf krefur.

1.6 Skýrsla Velferðarvaktar - Tillögur um aðgerðir til að vinna bug á fátækt

Árið 2014 skipti Velferðarvaktin sér í tvo vinnuhópa í takt við skipunarbréf sitt. Annar hópurinn hefur fjallað um efnalitlar barnafjölskyldur og hinn um einstaklinga sem búa við sára fátækt. Hóparnir eru samsettir af fulltrúum sem hafa breitt bakland innan velferðarþjónustunnar og víða sýn á þær rannsóknir sem hafa verið unnar á síðastliðnum misserum.

Hinn 28. janúar 2015 lagði Velferðarvaktin fram skýrslu til stjórnvalda undir heitinu *Tillögur um aðgerðir til að vinna bug á fátækt*.⁸ Tillögurnar byggðast á grunni rýni í fyrirliggjandi gögn, umræðu og skoðanaskiptum sem fram hafa farið í undirhópum Velferðarvaktarinnar.

Í skýrslunni eru lagðar fram sex tillögur til úrbóta, færð rök fyrir þeim og fjallað um hvernig ná megi þeim fram. Markmið tillagnanna eru eftirfarandi:

- **Barnabætur og barnatryggingar.** Markmið: Stjórnvöld styðji betur og á réttlátari hátt við tekjulágar barnafjölskyldur með því að einfalda og efla bótakerfið sem tekur til barnafjölskyldna.
- **Viðmið til lágmarksframfærslu.** Markmið: Stjórnvöld yfirfari forsendur og útreikninga sem liggja að baki fjárhæða til lágmarksframfærslu með það að markmiði að einstaklingar, fjölskyldur og barnafjölskyldur búi ekki við fátækt.
- **Húsnæðismál.** Markmið: Stjórnvöld tryggi að allir eigi öruggt heimili, ekki síst að börn búi við tryggt húsnæði til lengri tíma. Jafnframt verði teknar upp húsnæðisbætur sem jafni stöðu leigjenda, búseturéttarhafa og eigenda vegna húsnæðiskostnaðar.
- **Grunnþjónusta.** Markmið: Stjórnvöld tryggi að efnalitlar fjölskyldur og einstaklingar sem búa við fátækt geti nýtt sér þá grunnþjónustu sem boðið er upp á í samfélaginu á hverjum tíma.
- **Samhæfingaraðili máls.** Markmið: Stjórnvöld tryggi betur en nú er gert einstaklingsmiðaða þjónustu með þverfaglegu samstarfi milli velferðarþjónustu, menntakerfisins og þriðja geirans. Það verði gert með því að einstaklingur eða fjölskyldur, sem fá fjölpætta þjónustu, eigi sér

⁸ https://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvaktog/Skyrsla_Velferdarvaktar_Jan2015.pdf

Samhæfingaraðila sem tryggja að samstarf og samþætting eigi sér stað milli ólíkra þjónustukerfa.

- **Samvinna við frjáls félagasamtök og verkefnasjóður.** Markmið: Stjórnvöld, í samvinnu við frjáls félagasamtök, aðstoði betur en nú er gert einstaklinga og fjölskyldur sem búa við sára fátækt.

Sumar tilagnanna hafa verið teknar til umræðu og skoðunar hjá stjórnvöldum en öðrum þarf að halda áfram á lofti. Hinn 9. nóvember 2015 fór félags- og húsnæðismálaráðherra, Eygló Harðardóttir, yfir stöðu tillagnanna á fundi með Velferðarvaktinni. Þar kom fram að það væri verið að vinna í þeim flestum með einhverjum hætti, sbr. fundargerð:

Húsnæðismál – Húsnæðismálin eru búin að vera í forgangi og mikil vinna hefur átt sér stað í ráðuneytinu í samstarfi við fjölmarga hagsmunaaðila. Fjögur frumvörp eru nú á leið fyrir þing en það eru frumvörp um húsnæðisbætur, almennar íbúðir, breytingar á lögum um húsnæðissamvinnufélög og breytingar á húsaleigulögum.

Viðmið til lágmarksframfærslu – Búið er að leggja fyrir Alþingi frumvarp til laga um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga þar sem lögð er til breyting á fyrirkomulagi fjárhagsaðstoðar. Frumvarpið var lagt fyrir á síðasta þingi en varð ekki útrætt. Er þar m.a. lagt til að bætt verði við lögin ákvæði sem skyldi ráðherra til þess að leggja árlega fram leiðbeinandi reglur til sveitarfélaga þar sem m.a. skuli kveðið á um viðmiðunarfjárhæðir vegna fjárhagsaðstoðar. Skilgreina þarf viðmiðunarfjárhæðir en þar verður að líta til markmiðs og tilgangs laga um félagsþjónustu sveitarfélaga sem m.a. er að tryggja fjárhagslegt öryggi einstaklinga.

Barnabætur og barnatryggingar – Eins og fram kemur í skýrslu Velferðarvaktarinnar í tillögu um barnabætur og barnatryggingar eru tekjutengingar talsverðar í barnabótakerfinu. Ríkisstjórnin hafði síðar frumkvæði að því að tekjutengingar voru minnkaðar í fjárlagavinnunni sem unnin var á Alþingi vegna fjárlaga yfirstandandi árs. Barnabætur voru hækkaðar um tæplega 16%. Til þess að sú hækkun nýttist betur tekjulægri barnafjölskyldum var einnig samþykkt hækkun á tekjuskerðingarhlutföllum um eitt prósentustig. Samanlag munu útgjöld ríkissjóðs vegna greiðslu barnabóta hækka um 1,3 milljarða króna vegna þessara breytinga. Í vinnu á vegum velferðarráðuneytisins hafa komið til umræðu frekari breytingar á barnabótakerfinu, t.d. með upptöku barnatrygginga, en Velferðarvaktin bendir á slíkar tryggingar í tillögu sinni frá 28. janúar.

Í samræmi við stefnuýfirlýsingu ríkisstjórnar Framsóknarflokksins og Sjálfstæðisflokksins vorið 2013 og ákvörðun félags- og húsnæðismálaráðherra hefur verkefnisstjórn nýlega skilað af sér drögum að þingsályktunartillögu um fjölskyldustefnu. Velferðarráðuneytið hefur yfirfarið tillögu verkefnisstjórnarinnar og hefur lagt fram drög að þingsályktunartillögu um fjölskyldustefnu til ársins 2020. Í drögnum er að finna áherslur varðandi fyrirkomulag barnabóta til framtíðar og er þar fjallað sérstaklega um barnatryggingar.

Grunnþjónusta – Margir þeirra þátta sem heyra undir grunnþjónustu falla undir sveitarfélögin og í framangreindri tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu til ársins 2020 er tillaga um að í hverju sveitarfélagi verði gerð áætlun um fyrirkomulag samþættingar og samstarfs í grunnþjónustu. Þar er grunnþjónusta skilgreind sem barnavernd, félagsþjónusta, frístundaþjónusta, þjónusta heilsugæslu, leik-, grunn- og framhaldsskólar og lögreglan.

Samhæfingaraðili máls – Þessi tillaga kemur einnig fram í tillögu til þingsályktunar um fjölskyldustefnu til ársins 2020 en þar er lagt til að stefnt skuli að því að börn sem fá þjónustu frá mörgum þjónustuaðilum fái einstaklingsbundna þjónustuáætlun sem unnin verði í samráði við barn og fjölskyldu þess og að skipaður verði málstjóri sem er samhæfingaraðili. Kveðið er á um að málstjóri skuli vera sá aðili sem best þekkir til aðstæðna barnsins og fjölskyldu þess og tryggja að hagsmunir

barnsins séu hafðir að leiðarljósi í allri ákvarðanatöku. Þetta er gert til að minni hættu sé á að það skorti samstarf og samfellu í þjónustu, sem getur leitt til þess að börn og fjölskyldur þeirra falli milli kerfa þegar aðstoðar er þörf með ófyrirsjáanlegum afleiðingum til framtíðar bæði fyrir einstaklinga og samfélagið.

Samvinna við frjáls félagasamtök og verkefnasjóður – Ráðherra sagðist vilja leggja meiri áherslu á að auka samstarf við þriðja geirann í gegnum fjölbreytt verkefni.

1.7 Heimsókn mannréttindasérfræðings Sameinuðu þjóðanna

Í desember 2014 sótti Juan Pablo Bohoslavsky, óháður sérfræðingur skipaður af Mannréttindaráði Sameinuðu þjóðanna, Ísland heim í þeim tilgangi að safna upplýsingum um áhrif hruns fjármálageira landsins og efnahagslegrar aðlögunar á mannréttindi. Var þetta fyrsta heimsókn óháðs sérfræðings um áhrif erlendra skulda á mannréttindi til Íslands. Velferðarvaktin átti fund með Bohoslavsky. Í framhaldinu gerði hann grein fyrir tilurð og störfum Velferðarvaktarinnar í úttektarskýrslu sinni *Report of the Independent Expert on the effects of foreign debt and other related international financial obligations of States on the full enjoyment of all human rights, particularly economic, social and cultural rights.*⁹

Þar greinir hann frá Velferðarvaktinni í köflum 34 og 69 og dregur fram að hún sé nýjung/nýsköpunarverkefni (e. new innovative bodie). Lýsir hann vaktinni og verkefnum hennar og telur að henni beri að þakka fyrir bætt samstarf milli aðila stjórnkerfisins, sveitarfélaga og borgaralegs samfélags við að takast á við félagslegt áfall af völdum kreppunnar og fyrir að efla þátttöku almennings. Starf hennar hafi leitt til betri vöktunar á samfélaginu og marvissari inngripa stjórnvalda og velferðarstofnana. Velferðarvaktin hafi einnig stuðlað að því að þeim skilaboðum var komið til opinberra yfirvalda og samfélagsins í heild að enginn skyldi skilinn útundan í kjölfar bankahrunsins. Vonaðist hann til að ráðleggingar hennar fengju brautargengi hjá stjórnvöldum sbr.:

34. Welfare Watch, one of the new innovative bodies formed in early 2009, is an independent consultative body, comprising more than 35 representatives of key ministries, municipalities, social partners and civil society, many of whom are also working at the grass-roots level. Welfare Watch was established to monitor the social impact of the crisis, provide advice to State institutions and coordinate targeted interventions on the ground; it managed to spread the message that, during the crisis, the weakest in society should be protected. The watchdog submitted several reports with recommendations to the Government, as well as one to the Parliament. In 2015, it is expected to put forward additional recommendations on how to address and guarantee the rights of persons suffering multiple forms of deprivation. The Independent Expert hopes that its expert advice will be duly considered by the Icelandic authorities.

69. Welfare Watch is worth mentioning as an innovative response to the financial crisis. The watchdog can be credited for having improved collaboration between

⁹ http://www.un.org/ga/search/view_doc.asp?symbol=A/HRC/28/59/Add.1

government departments, local authorities and civil society in tackling the social impact of the crisis and for enhancing citizens' participation. Its work resulted in improved social monitoring and targeted interventions by the authorities and welfare organizations. Welfare Watch also helped to spread the message to the public authorities and society at large that nobody should be left behind as a consequence of the banking collapse.

1.8 Upplýsingaöflun um tengsl búsetuskerðingar og fjárhagsaðstoðar

Í ágúst 2015 sendi Velferðarvaktin beiðni til Gyðu Hjartardóttur, fulltrúa Sambands íslenskra sveitarfélaga í Velferðarvaktinni, um hvort sambandið gæti veitt upplýsingar um samsetningu þess hóps sem fær fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum sér til framfærslu. Beiðnin var send í framhaldi af áhugaverðum fundi sem Velferðarvaktin átti með Tryggva Þórhallssyni, lögfræðingi Sambands íslenskra sveitarfélaga. Sérstaklega var beið um upplýsingar um samsetningu hópsins sem þarf á fjárhagsaðstoð að halda sökum þess að fólk í honum hefur ekki safnað sér áunnum réttindum (t.d. örorkubótum eða ellilífeyri) hér á landi innan almannatryggingakerfisins vegna búsetu erlendis. Meðal annars var leitað eftir upplýsingum um atvinnustöðu, aldur og fjölskyldugerð en einnig um hve margir í hópnum eru þar sökum þess að þeir hafa ekki náð að safna áunnum réttindum hér á landi vegna búsetu erlendis. Hefur sá hópur farið vaxandi á undanförunum árum, svo sem vegna meiri hreyfanleika fólks á milli landa (hnattvæðing); er hann stöðugur eða fer hann minnkandi? Er hópurinn blandaður Íslendingum sem hafa verið langdvölum erlendis og hafa því ekki safnað sér rétti hér heima eða samanstendur hann aðallega af nýjum Íslendingum (nýbúum) sem hafa sest að hér á landi? Hefur hópurinn einhver sérstök önnur einkenni, svo sem að fá fjárhagsaðstoð til framfærslu til lengri tíma og hver er þá meðaltímalengdin? Hafa þessir einstaklingar verið að fá aðra þjónustu hjá sveitarfélögunum líka? Telja sveitarfélögin að grípa þurfi til frekari úrræða, svo sem virkniúrræða eða annars að hálfu sveitarfélaga eða ríkisvaldsins til að aðstoða ofangreindan hóp svo hann geti komist það vel af að hann þurfi ekki lengur á fjárhagsaðstoðinni að halda?

Í tilefni af beiðni Velferðarvaktarinnar gerði Samband íslenskra sveitarfélaga könnun á stöðu mála og sendi frá sér minnisblað um niðurstöðurnar. Þær niðurstöður munu geta nýst sveitarfélögum, Velferðarvaktinni og fleiri aðilum í störfum sínum, m.a. í virkniúrræðum og málefnum innflytjenda. Í minnisblaðinu kemur eftirfarandi fram:

Hag- og upplýsingasvið Sambands íslenskra sveitarfélaga framkvæmdi könnun meðal sveitarfélaga að beiðni Gyðu Hjartardóttur starfsmanns á velferðarsviði sambandsins. Könnunin snéri að fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og hvort einstaklingar hafi fengið fjárhagsaðstoð sökum þess að greiðslur frá Tryggingastofnun voru skertar.

Könnunin var send út á sveitarfélögin þann 17. september 2015. Nokkrar ítrekanir voru senda út en lokað var fyrir svörum þann 1. nóvember 2015. Alls bárust svör frá 47 sveitarfélögum og í þessum sveitarfélögum búa um 92% landsmanna.

Einungis voru tvær spurningar í þessari könnun og hér að neðan má sjá samanteknar niðurstöður fyrir sveitarfélögin.

1. Hversu margir fengu fjárhagsaðstoð í sveitarfélaginu í apríl 2015?

Alls fengu 3.081 einstaklingur fjárhagsaðstoð hjá þessum sveitarfélögum í apríl 2015. Af þessum fjölda var rúmlega 62% í Reykjavík.

2. Hversu margir af þeim sem fengu fjárhagsaðstoð í apríl 2015 fengu aðstoð sökum þess að greiðslur frá TR voru skertar vegna búsetu erlendis?

Í heildina fengu 98 einstaklingar eða rúmlega 3% aðstoð sökum þess að greiðslur frá TR voru skertar vegna búsetu erlendis. Af þeim voru 13 með íslenskan uppruna, 84 með erlendan uppruna og einn sem var flokkaður annað.

Í heild	Par af með íslenskan uppruna	Par af með erlendan uppruna	Annað (blandaðar fjölskyldur)
98	13	84	1

1.9 Fundir í samstarfi við PEP-Íslandi

Hinn 22. janúar 2016 studdi Velferðarvaktin við fund sem haldinn var að frumkvæði PEP-Íslandi/ *People Experiencing Poverty* (oftast í daglegu tali kallað Pepp) um notendasamráð. Fundurinn fór fram í Gallerí á Grand hótelinu. Ávörp og erindi fluttu Vilborg Oddsdóttir, formaður EAPN á Íslandi, Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, Hervör Alma Árnadóttir frá Félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands, Willum Þór Þórsson, alþingismaður og formaður starfshóps um endurskoðun laga um félagsþjónustu sveitarfélaga og laga um málefni fatlaðs fólks, Sr. Bjarni Karlsson, MA í siðfræði og prestur á sálfræðistofunni Haf, Tryggvi Kr. Magnússon, umsjónarmaður meðferðarheimila Samhjálp, Laufey Ólafsdóttir, samhæfingarstjóri Pepp á Íslandi og Pepp-konurnar Hildur Oddsdóttir, Ester Ellen Nelson og Geirdís Hanna Kristjánsdóttir. Fundarstjóri var Ásta Dís Guðjónsdóttir, formaður Sjálfsbjargar á höfuðborgarsvæðinu og samhæfingarstjóri Pepp á Íslandi.

Hinn 21. október 2016 studdi Velferðarvaktin við morgunverðarfund um mataraðstoð sem haldinn var að frumkvæði PEP-Íslandi. Fundurinn fór fram í Hvammi á Grand hótelinu og var sóttur af rúmlega 100 gestum. Ávörp og erindi fluttu Ásta Dís Guðjónsdóttir, fulltrúi PEP-Íslandi, Sív Friðleifsdóttir, formaður Velferðarvaktarinnar, Hildur Oddsdóttir, PEP-Íslandi, Sædís Arnadóttir félagsráðgjafi, Haukur Hilmarsson, félagsráðgjafi og ráðgjafi í fjármálahegðun, og Sr. Bjarni Karlsson. Borðstjórar sem leiddu umræðu voru Ragnheiður Sveinsdóttir frá Mæðrastyrksnefnd Kópavogs, Ásgerður Jóna Flosadóttir frá Fjölskylduhjálpi Íslands, Guðlaug Jónína Aðalsteinsdóttir frá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur, Hjördís Kristinsdóttir frá Hjálpræðishernum, Vilborg Oddsdóttir frá Hjálparstarfi kirkjunnar, Vörður Leví Traustason frá Samhjálp og Guðný H. Björnsdóttir frá Rauða krossinum á Íslandi. Fundarstjóri var Ásta Dís Guðjónsdóttir, samhæfingarstjóri Pepp á Íslandi.

Hægt er að nálgast dagskrá, erindin sem flutt voru og helstu niðurstöður frá borðumræðum á vefsvæði Velferðarvaktarinnar á vef velferðarráðuneytisins.¹⁰

¹⁰ <https://www.velferðarraduneyti.is/velferðarvaktin/>

1.10 Stuðningur við stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuefnum

Velferðarvaktin samþykkti að senda alþingismönnum bréf þar sem vaktin lýsir yfir stuðningi við stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuefnum til ársins 2020.¹¹ Mikið hefur verið rætt um áfengisstefnu og aðgengi að áfengi í samfélaginu en að mati Velferðarvaktarinnar er um að ræða mikilvægt velferðarmál sem getur með fjölbreyttum hætti haft áhrif á börn og ungmenni.

Reykjavík 7. apríl 2016

Ágæti alþingismaður,

Á fundi Velferðarvaktarinnar þann 5. apríl sl. var samþykkt að senda alþingismönnum eftirfarandi upplýsingar:

Samkvæmt skipunarbréfi Velferðarvaktarinnar á hún m.a. að huga „...að velferð og afkomu efnalítilla barnafjölskyldna, sérstaklega einstæðra foreldra og barna þeirra og afla upplýsinga um aðstæður þeirra sem búa við sára fátækt svo draga megi úr henni“. Þar sem Velferðarvaktinni er ætlað að huga að velferð efnalítilla barna og barnafjölskyldna og þeirra sem höllum fæti standa hefur hún kynnt sér stefnu stjórnvalda í áfengis- og vímuefnum til ársins 2020 sem gerð var opinber í upphafi árs 2014 (<https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>).

Í stefnunni kemur fram að fjöldi rannsókna sýna að mikilvægt sé að takmarka aðgengi að áfengi og öðrum vímuefnum til að vernda börn og ungmenni.

Velferðarvaktin bendir sérstaklega á eftirfarandi áhersluatriði stefnunnar „Öll börn og ungmenni eiga rétt á að alast upp í umhverfi þar sem þau eru vernduð gegn neikvæðum afleiðingum áfengis- og vímuefnaneyslu.“

og

„Nýjar innlendar rannsóknir og erlendar samanburðarrannsóknir sýna að umtalsverður árangur hefur náðst í að draga úr notkun áfengis, ólöglegra vímuefna og tóbaks meðal grunnskólanemenda á Íslandi og er notkun þessara efna nú að meðaltali sú lægsta í Evrópu. Þá er heildaráfengisneysla á Íslandi undir meðaltali í Evrópu og má ætla að sú aðhaldsstefna sem ríkt hefur hér á landi eigi sinn þátt í því. Rannsóknir hafa sýnt að aðgerðir sem draga úr aðhaldi eru til þess fallnar að auka neyslu hvaða vímuefna sem um ræðir.“

Velferðarvaktin tekur heilshugar undir stefnu stjórnvalda um heilbrigði og velferð sem birtist í aðalnámskrám fyrir leik-, grunn- og framhaldsskóla sem mennta- og menningarmálaráðuneytið staðfesti árið 2011 en þar kemur m.a. fram að heilbrigði og hollar lífsvenjur séu grundvallaratriði í velferð nemenda.

¹¹ <https://www.velferdarraduneyti.is/media/rit-og-skyrslur-2014/Stefna-i-afengis--og-vimuvornum-desember-2013.pdf>

2 Tengd verkefni

2.1 Mat á störfum Velferðarvaktarinnar

Í mars 2015 kom út skýrslan *Mat á störfum Velferðarvaktarinnar*¹² en Velferðarráðuneytið fól Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands að meta og kortleggja störf Velferðarvaktarinnar á árunum 2009–2013. Matsrannsóknin er liður í verkefninu Norræna velferðarvaktin sem var hluti af formennskuáætlun Íslands í norrænu samstarfi árið 2014. Í samantekt skýrslunnar kemur m.a. fram:

„Viðmælendur töldu Velferðarvaktina hafa skipt máli fyrir velferð fólks á Íslandi við upphaf kreppu. Fólk sem stóð utan við vaktina var á sama máli, því kannanir meðal almennings og starfsfólks stofnana sem áttu fulltrúa í Velferðarvaktinni leiddu í ljós að helmingur þeirra sem höfðu heyrt um Velferðarvaktina töldu hana hafa skipt miklu máli fyrir íslenskt samfélag fyrstu árin eftir efnahagshrun. Mikilvægi Velferðarvaktarinnar fólst meðal annars í því að hún gaf út skýrslur með tillögum til úrbóta sem nýttust stjórnvöldum við að forgangsráða verkefnum. Einn viðmælandi benti á að ef til vill hafi vinna vaktarinnar orðið til þess að síður var skorið niður í velferðarmálum en á öðrum sviðum. Jafnframt var bent á að jafnvel þó að ekki hafi allar tillögur Velferðarvaktarinnar náð fram að ganga hafi hún haft óbein áhrif á velferð á Íslandi með því að vekja máls á málum sem krefðust úrlausnar. Aukin umræða leiddi síðan til þess að aðrir en stjórnvöld tóku mál upp á sína arma. Fyrir tilstuðlan Velferðarvaktarinnar unnu ólíkar stofnanir og samtök saman að velferðarmálum og töldu fulltrúar vaktarinnar sig hafa lært mikið af því að taka þátt í þessu þverfaglega samstarfi. Viðmælendur voru sammála um að samvinna á breiðum grundvelli hafi skipt sköpum í vinnu við að bæta hag fólks í landinu. Mikill meirihluti fulltrúa vinnuhópa kvaðst vera stoltur af því að hafa tekið þátt í störfum vinnuhópa Velferðarvaktarinnar.“

Skýrslan hefur reynst mjög gott leiðarljós í störfum núverandi Velferðarvaktar, bæði hvað varðar verklag og áherslur, og tillit tekið til þess sem talið var að hefði mátt breyta í störfum fyrri Velferðarvaktar.

¹² https://www.velferdarraduneyti.is/media/velferdarvakt09/Velferdarvaktin_Lokautgafa_150315.pdf

3 Gestir og kynningar á fundum Velferðarvaktarinnar 2014–2016

Velferðarvaktin hefur fengið til sín fjölbreyttan hóp gesta í þeim tilgangi að varpa frekara ljósi á þau málefni sem vaktin hefur verið með til skoðunar. Það hefur reynst störfum vaktarinnar mjög gagnlegt að fá inn á fundi fólk sem hefur góða þekkingu á málunum en það hefur ekki síður reynst gagnlegt fyrir þá gesti að kynna Velferðarvaktinni og fá innsýn í störf hennar.

Fundur 4. október 2016

Ragna Bjarnadóttir, lögfræðingur í innanríkisráðuneytinu, kynnti nýja mannréttindaskýrslu um Ísland (UPR-Iceland), með áherslu á málefna svið Velferðarvaktar.

Linda Rós Alfreðsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, kynnti stöðu og viðbrögð stjórnvalda í málefnum flóttamanna.

Biljana Boloban, nemi í félagsráðgjöf og fyrrum flóttamaður frá Króatíu, lýsti reynslu sinni af því að koma til Íslands árið 2001.

Fundur 17. maí 2016

Kolbeinn Stefánsson frá Hagstofu Íslands kynnti skýrslu um greiningu á hópnum sem býr við sára fátækt.

Þórður Kristjánsson, sérfræðingur hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga, kynnti niðurstöður óformlegrar könnunar sambandsins milli nokkurra sveitarfélaga varðandi fjárútlát foreldra við ritföng, skólamáltíðir, frístundaheimili og ferðir nemenda.

Fundur 5. apríl 2016

Anton Örn Karlsson frá Hagstofu Íslands kynnti fyrstu niðurstöður rannsóknar Hagstofunnar á hópnum sem býr við sára fátækt.

Kolbeinn Stefánsson frá Hagstofu Íslands kynnti nýútkomna félagsvísa.

Þorsteinn Sæmundsson alþingismaður og Ólafur Þór Gunnarsson, bæjarfulltrúi í Kópavogi, kynntu niðurstöður nefndar um breytingar á almannatryggingalöggjöfinni.

Fundur 23. febrúar 2016

Lovísa Arnardóttir frá *Unicef* kynnti nýja skýrslu samtakanna um skort barna á Íslandi.

Sigríður Ingibjörg Ingadóttir og Elsa Lára Arnardóttir, alþingismenn og fulltrúar velferðarnefndar Alþingis, sögðu frá stöðu fjögurra húsnæðisfrumvarpa sem voru til afgreiðslu í nefndinni.

Fundur 12. janúar 2016

Una Jónsdóttir, hagfræðingur hjá ASÍ, kynnti skýrslu sem ASÍ birti haustið 2015 um stöðuna á leigumarkaðnum, með áherslu á höfuðborgarsvæðið.

Áshildur Linnét og Nína Helgadóttir, verkefnisstjórar hjá Rauða krossinum á Íslandi, kynntu réttindi flóttafólks annars vegar og hælisleitenda hins vegar.

Fundur 9. nóvember 2015

Eygló Harðardóttir, félags- og húsnæðismálaráðherra, fór yfir stöðuna á þeim sex tillögum sem vaktin lagði fram í skýrslu fyrr á árinu og upplýsti að verið væri að vinna í þeim flestum með einhverjum hætti.

Linda Rós Alfreðsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, hélt erindi um málefni flóttafólks í ljósi þess að íslensk stjórnvöld höfðu ákveðið að bjóða kvótaflóttamönnum til landsins.

Hugrún Hjaltadóttir, sérfræðingur hjá Jafnréttisstofu, var með kynningu á því hvað felst í hugtakinu „kynjasambætting“.

Ellý Alda Þorsteinsdóttir, skrifstofustjóri hjá velferðarsviði Reykjavíkurborgar, kynnti þróun fjárhagsaðstoðar Reykjavíkurborgar í ljósi þess að einstaklingum sem þiggja fjárhagsaðstoð hefur fækkað frá árinu 2013.

Fundur 31. ágúst 2015

Kolbeinn Stefánsson frá Hagstofu Íslands kynnti nokkrar niðurstöður könnunar á lífskjörum barna sem Hagstofan og *Unicef* unnu í sameiningu.

Agnar Freyr Helgason, doktor í stjórnmálafræði, kynnti samanburð á kreppuviðbrögðum Íslands og Írlands í kjölfar efnahagskransins 2008.

Fundur 20. apríl 2015

Tryggvi Þórhallsson frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga og Margrét Steinarsdóttir frá Mannréttindaskrifstofu Íslands fjölluðu um búsetuskerðingar.

Sólveig Hjaltadóttir, framkvæmdastjóri samskiptasviðs Tryggingarstofnunar ríkisins, og Sigrún Friðfinnsdóttir, einnig frá Tryggingarstofnun ríkisins, kynntu starfsemi stofnunarinnar og þá þjónustu sem býðst einstaklingum sem eiga í fjárhagserfiðleikum. Einnig var kynnt sérstök þjónusta sem stendur mjög veikum einstaklingum til boða.

Fundur 2. mars 2015

Rún Knútsdóttir, lögfræðingur í velferðarráðuneytinu, kynnti frumvarp um breytingu á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Fundur 8. desember 2014

Juan Pablo Bohoslavsky, óháður sérfræðingur Sameinuðu þjóðanna í erlendum skuldum og mannréttindum, greindi frá markmiðum heimsóknar sinni til Íslands en þau voru að skoða hvað aðrar þjóðir geti lært af viðbrögðum Íslands við þeim efnahagsþrengingum sem gengu yfir árið 2008 og afleiðingum þeirra.

Fundur 28. ágúst 2014

Rósa G. Bergþórsdóttir, sérfræðingur í velferðarráðuneytinu, greindi frá vinnu starfshóps á vegum félags- og húsnæðismálaráðherra við stefnumótun fyrir barnafjölskyldur (mótun fjölskyldustefnu).

Fjórir starfsmenn kóreskrar sjónvarpsstöðvar tóku upp myndefni frá fundinum í tengslum við umfjöllun stöðvarinnar um Velferðarvaktina.

4 Kynningar á Velferðarvaktinni

Á tímabilinu hefur Velferðarvaktin verið kynnt fyrir fjölmörgum aðilum bæði innanlands og utan. Velferðarvaktin á sér enga beina fyrirmynd erlendis og er því öflugt og árangursríkt nýsköpunarverkefni sem Íslendingar geta verið stoltir af að kynna. Af þeim sökum hafa margir viljað kynna sér hana og starf hennar. Í mörgum tilvikum hefur Velferðarvaktin verið kynnt samhliða Norrænu velferðarvaktinni, en sú síðarnefnda er þriggja ára samnorrænt rannsóknarverkefni árána 2014–2016 og hluti af formennskuáætlun Íslands í norrænu samstarfi árið 2014.

- Hinn 29. október 2015 voru Velferðarvaktin og Norræna velferðarvaktin kynntar fyrir hópi norrænna blaðamanna á Centrum hótelinu í Reykjavík, en þeir sóttu Ísland heim í tengslum við þing Norðurlandaráðs sem haldið var í Hörpu dagana 27.–29. október. Tengiliður var Sigrún Stefánsdóttir.
- Dagana 27.–28. febrúar 2016 var „kick off“ ráðstefna finnska formennskuverkefnisins “Ett öppet och innovativt Norden med välmående människor 2020 – Lika möjligheter till välfärd, utbildning, kultur och arbete” í Turku, Finnlandi. Þar voru Velferðarvaktin og Norræna velferðarvaktin kynntar.
- Hinn 12. maí 2016 voru Velferðarvaktin og Norræna velferðarvaktin kynntar fyrir *Samfunnsviterne* frá Noregi á fundi þeirra hjá Endurmenntun Háskólans á Dunhaga. Tengiliður var Lilja Mósesdóttir.
- Hinn 2. júní 2016 voru Velferðarvaktin og Norræna velferðarvaktin kynntar fyrir *CHRODIS, addressing chronic diseases and healthy ageing across the life cycle*. Tengiliður var Gígja Gunnarsdóttir.
- Hinn 2. júní 2016 voru Velferðarvaktin og Norræna velferðarvaktin kynntar fyrir grískum skólamönnum, *TOCSIN* (Teacher support Confronting Social Inequalities), í velferðarráðuneytinu. Tengiliður var Guðbjörg Andrea Jónsdóttir.
- Dagana 8.–10. júní 2016 voru Velferðarvaktin og Norræna velferðarvaktin kynntar á Norræna almannatryggingamótinu í Ósló. Tengiliðir voru Hildur Röed Sverrisdóttir og Anna Margrét Ólafsdóttir.
- Í júlí 2016 voru Velferðarvaktinni og starfi hennar gerð skil í Mannréttindaskýrslu Íslands fyrir Sameinuðu þjóðirnar (e. Iceland's UPR/Universal Periodic Review report).
- Hinn 17. ágúst 2016 voru Velferðarvaktin og Norræna velferðarvaktin kynntar fyrir norrænum samstarfsráðherra og sveitarstjórnarráðherra Álandseyja, Ninu Fellman. Kynningin fór fram í velferðarráðuneytinu.
- Haustið 2016 var Velferðarvaktin kynnt fyrir Leda Nemer, verkefnastjóra hjá Alþjóða heilbrigðismálastofnuninni (WHO), sem tók starf hennar varðandi skólamáltíðir sem dæmi um forvarnarverkefni (e. Life-course case stories) í skýrslu sem lögð var fyrir smáþjóðafund stofnunarinnar í Mónakó.
- Hinn 11. október 2016 voru Velferðarvaktin og Norræna velferðarvaktin kynntar fyrir úttektaaðila á vegum *Gaia Consulting*, sem vinnur í samstarfi við Umhverfisstofnun Stokkhólms, samkvæmt beiðni Norrænu ráðherranefndarinnar, að því að kortleggja norrænt starf sem miðar að því að uppfylla sjálfbærniþæmið Sameinuðu þjóðanna 2030.
- Hinn 16. nóvember 2016 voru Velferðarvaktin og Norræna velferðarvaktin kynntar á ráðstefnu um framtíð norræna velferðarmódelisins í Helsinki.

Lokaorð

Framangreind samantekt á störfum Velferðavaktarinnar árin 2014–2016 sýnir að vinna hennar og verkefni eru víðtæk. Til hennar var stofnað árið 2009 í kjölfar efnahagshrunsins á haustmánuðum 2008 og henni ætlað að fylgjast með félagslegum og fjárhagslegum afleiðingum þess og að leggja fram tillögur til úrbóta. Árið 2014 var ákveðið að störfum hennar skyldi haldið áfram með sérstakri áherslu á velferð efnalítilla barnafjölskyldna og þeirra sem búa við sára fátækt. Störf Velferðavaktarinnar hafa þróast í takt við nýja tíma og nýjar áskoranir. Í því sambandi má nefna að staða og afkoma innflytjenda og flóttamanna hefur fengið aukið vægi í störfum hennar á síðustu misserum. Fylgjast þarf af kostgæfni með velferð og bæta stöðu efnalítilla barnafjölskyldna, þeirra sem búa við mesta fátækt og annarra sem höllum fæti standa. Velferðavaktin mun standa þá vakt áfram.